

RAFIDNADARSAMBAND ÍSLANDS

35. FUNDUR MIÐSTJÓRNAR HALDINN FÖSTUDAGINN 14.03 2014.

Mæting:

Ómar Baldursson, Haraldur L Arnbjörnsson, Grétar Guðmundsson, Eva Katrín Benjamínsdóttir, Sigurjón Ingvarsson, Jón Ingi Skúlason, Sighvatur D Sighvatz, Guðrún S Berþórsdóttir, Davíð Sigmundsson, Eyjólfur Ólafsson, Svanborg Hilmarsdóttir, Andri Jóhannesson, Einar Ág Kristinsson, Hafliði Sívertsen, Kristján Þ Snæbjarnarson, Jens H Ragnarsson, Sigurður Sigurðsson, Helgi Jónsson.

Forföll boðuðu: Júlía Björk Þórðardóttir, Bára Halldórsdóttir, Jakob Tryggvason.

Varamenn boðaðir: Jón Ólafur Halldórsson, Davíð E Sigmundsson.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Kjarasamningar.
3. Lífeyrissjóðsmál.
4. Sambandsstjórnarfundur.
5. CoreData.
6. Skógarnes.
7. Raftækniskólinn.
8. Starfsmannamál RSÍ.
9. Fjárfesting í handritum.
10. Önnur mál.

1. Fundargerð síðasta fundar samþykkt án athugasemda.

2. Kjarasamningar.

Atkvæðagreiðslu er lokið um einn samning sem búið var að undirrita en það samningurinn við Alcoa. Sá samningur var felldur með 57,3% greiddra atkv. Ýmsar ástæður liggja eflaust að baki en ljóst er að félagsmenn vilja fá meiri launahækkanir og við því verður að bregðast með einhverjum hætti svo aðrir samningar sem eftir á að gera fari ekki sömu leið.

Búið er að halda samningafundi og leggja fram kröfugerðir við Símann, Rarik, Landsnet, Landsvirkjun og fl. Viðbrögð viðsemjenda hafa verið, á einn veg „alltof háar kröfur“.

Ljóst er að mikil pressa er á að samningarnir sem eftir er að gera taki ekki alltof langan tíma.

Búið er að greiða atkv. um verkfallsboðun hjá Elkem. 95 félagsmenn voru með boðun verkfalls 15 á móti. Verkfall hefst því hjá fyrirtækinu á hádegi 25 mars n.k. ef ekki verður búið að semja fyrir þann tíma.

Mikill vilji er hjá RSÍ að losna útúr samstarfinu um gerð eins samnings og semja sér fyrir sína félagsmenn og vera ekki háðir öðrum verkalýðsfélögum.

Ef til verkfalls kemur hjá Elkem mun RSÍ tryggja félagsmönnum sínum greiðslur úr verkfallsjóði. Gjaldkera falið að móta tillögur vegna þessa.

3. Lífeyrissjóðsmál.

Til að uppfylla lög um kynjakvótann í stjórnnum félaga og fyrirtækja er komin fram ein tillaga um breytta stjórnskipan í lífeyrissjóðnum Stöfum.

Tillagan gengur útá að stjórnin verði skipuð 8 mönnum og 4 til vara. Með því væri öllum lagaákvæðum um kynjakvóta fullnægt.

Eflaust eiga eftir að koma fram fleiri tillögur en endanleg ákvörðun af hendi RSÍ verður tekin á sambandsstjórnarfundinum í vor.

4. Sambandsstjórnarfundur.

Lögð var fram til kynningar „drög“ að dagskrá Sambandsstjórnarfundar RSÍ sem haldinn verður í Stykkishólmi dagana 9. og 10. maí 2014.

Samþykkt var að endurskoða og yfirfara styrkuppþæðir sjúkrasjóðs. Ljóst er að styrkveitingar sjóðsins hafa dregist afturúr hvað varðar önnur félagasamtök. Nauðsynlegt er að fá mat tryggingastærðfræðings á breytingunum og er kostnaður vegna þess áætlaður um kr. 500.000.- til 1.000.000.- kr.

5. CoreData.

Unnið er að uppsetningu að kerfinu sem samþykkt var á síðasta fundi. Einnig er verið að skoða tilboð í uppsetningu á skjalastjórnunarkerfi vegna pappírs.

6. Skógarnes.

Ljóst er að stækka þarf heimtaugina inná nesið. Samþykkt að gera það og fara úr 200A heimtaug í 400A.

Í kjölfarið þarf að skipta um lagnir og endurnýja búnað, m.a. skipta út götuskápum sem fyrir eru. Áætlaður kostnaður er ca 4-4,5 milljónir.

Einnig er verið að endurbæta netkerfið á svæðinu.

7. Raftækniskólinn.

Borist hefur beiðni um styrk frá Raftækniskólanum um styrk vegna kaupa á „spjaldtölvum“ fyrir kennara skólans.

Beiðninni var hafnað.

8. Starfsmannamál RSÍ.

Áfram verður unnið að skipulagsmálum RSÍ. Endanlegar tillögur liggja ekki fyrir enn sem komið er.

Birna Birgisdóttir hefur sagt upp störfum og er það mikill missir fyrir okkur öll og sambandið. Hún hefur verið mikilvægur starfsmaður í gengum tíðina.

9. Fjárfesting í handritum.

Eins og kunnugt er hefur Guðmundur Gunnarson undanfarið verið að rita sögu rafiðnaðarins.

Hann segist stefna á að þetta verði 2 bindi.

Guðmundur hefur boðið RSÍ að kaupa höfundarétt að sögunni fyrir 2,5 miljónir kr. Það er mat miðstjórnar að mikil verðmæti séu í þessum heimildum og því samþykkt að fela framkvæmdastjórn að ganga til samninga við Guðmund um kaupin.

10. Önnur mál.

Boð hefur borist frá Sænska Rafiðnaðarsambandinu um að senda 2 fulltrúa á ársfund/þing sambandsins sem haldið verður dagana 25. – 27. maí n.k. Formanni í lófa lagið hvern hann tekur með sér á þingið.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl 16.10

Fundargerð: Helgi Jónsson ritari.